# Sveitarfélagið Ölfus
# Ársreikningur
# 2011

Sveitarfélagið Ölfus
Hafnarbergi 1
815 Þorlákshöfn
kt. 420369-7009

**Efnisyfirlit**

Skýrsla og áritun bæjarstjórnar og bæjarstjóra............................... 3
Áritun óháðs endurskoðanda........................................................... 4
Rekstrarreikningur........................................................................... 5
Efnahagsreikningur.......................................................................... 6
Sjóðstreymisyfirlit............................................................................ 7
Skýringar.......................................................................................... 8-20

## Skýrsla og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar

Ársreikningur Sveitarfélagsins Ölfuss fyrir árið 2011 er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitarstjórnarmála um reikningsskil sveitarfélaga.

Rekstrartekjur sveitarfélagsins Ölfuss, A og B hluta, námu alls um 1.440 milljónum króna en rekstrartekjur A hluta námu þar af um 1.254 milljónum króna.

Rekstrarniðurstaða sveitarfélagsins samkvæmt A og B hluta var neikvæð um 2,4 milljónir kr. en rekstarniðurstaða A hluta var neikvæð um 34,7 milljónir kr. Samkvæmt efnahagsreikningi nema heildareignir A og B hluta um 3.970 milljónum króna, bókfært eigið fé sveitarfélagsins í árslok 2011 nam um 1.650 milljónum króna og er eiginfjárhlutfall um 35,85%.

Það er álit bæjarstjórnar og bæjarstjóra Sveitarfélagsins Ölfuss að í ársreikningi þessum komi fram allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu sveitarfélagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu.

Bæjarstjórn og bæjarstjóri Sveitarfélagsins Ölfuss staðfesta hér með ársreikning sveitarfélagsins fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Þorlákshöfn, 23. maí 2012

**Bæjarstjórn**

Sigríður Lára Ásbergsdóttir
Forseti bæjarstjórnar

Stefán Jónsson

Sveinn Steinarsson

Kristín Magnúsdóttir

Anna Björg Níelsdóttir

Guðmundur Karl Baldursson

Hróðmar Bjarnason

**Bæjarstjóri**

Ólafur Örn Ólafsson

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til bæjarstjórnar Sveitarfélagsins Ölfuss**

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Sveitarfélagsins Ölfuss fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir A og B hluta. Hann greinist í skýrslu og áritun bæjarstjóra og bæjarstjórnar, rekstarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

**Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

**Ábyrgð endurskoðanda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sveitarfélagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits sveitarfélagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

**Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sveitarfélagsins á árinu 2011, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 23. maí 2012

**BDO ehf.**

Sigrún Guðmundsdóttir

Sigrún Guðmundsdóttir
löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur ársins 2011

| | Skýr. | Sveitarsjóður 2011 | Sveitarsjóður Áætlun | Sveitarsjóður 2010 | Samantekinn ársreikningur 2011 | Samantekinn ársreikningur Áætlun | Samantekinn ársreikningur 2010 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | 3 | | | | | | |
| Skatttekjur án framlags Jöfnunarsjóðs................. | | 871.485 | 854.000 | 781.486 | 867.687 | 854.000 | 781.486 |
| Framlög úr Jöfnunarsjóði.................................... | | 237.919 | 226.800 | 168.532 | 237.919 | 226.800 | 168.532 |
| Þjónustutekjur.................................................... | | 93.148 | 92.425 | 83.403 | 257.398 | 237.865 | 245.925 |
| Eignatekjur.......................................................... | | 19.785 | 18.355 | 17.120 | 37.682 | 38.125 | 33.222 |
| Aðrar tekjur........................................................ | | 31.879 | 26.245 | 41.154 | 39.322 | 32.545 | 47.052 |
| | | 1.254.217 | 1.217.825 | 1.091.695 | 1.440.009 | 1.389.335 | 1.276.217 |
| **Rekstrargjöld** | | | | | | | |
| Laun og annar starfsmannakostnaður................. | 4 | 597.381 | 553.345 | 519.272 | 630.567 | 587.690 | 551.378 |
| Hækkun lífeyrisskuldbindingar............................ | 13 | 37.429 | 13.500 | 16.269 | 40.155 | 15.000 | 17.338 |
| Annar rekstrarkostnaður.................................... | | 467.094 | 466.641 | 424.223 | 513.162 | 525.751 | 473.553 |
| Afskriftir fastafjármuna....................................... | 8 | 80.294 | 86.714 | 85.752 | 117.905 | 125.800 | 123.011 |
| | | 1.182.198 | 1.120.200 | 1.045.516 | 1.301.790 | 1.254.241 | 1.165.280 |
| **Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjalda** | | 72.019 | 97.625 | 46.180 | 138.219 | 135.094 | 110.937 |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | | | | | |
| Niðurf. eignarhluta og skuldabr.eignar................ | 9 | (473) | 0 | (59.600) | (473) | 0 | (59.600) |
| Fjármunatekjur................................................... | 5 | 10.480 | 16.233 | 18.951 | 4.707 | 13.091 | 12.992 |
| Fjármagnsgjöld.................................................... | 6 | (115.250) | (113.035) | (98.168) | (143.350) | (131.641) | (118.907) |
| Gengismunur...................................................... | | (1.517) | 0 | 108.533 | (1.517) | 0 | 108.533 |
| | | (106.760) | (96.802) | (30.284) | (140.634) | (118.550) | (56.982) |
| **Rekstrarniðurstaða ársins** | | (34.742) | 823 | 15.896 | (2.415) | 16.545 | 53.955 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2011

| Eignir | Skýr. | Sveitarsjóður 31.12.2011 | Sveitarsjóður 31.12.2010 | Samantekinn ársreikningur 31.12.2011 | Samantekinn ársreikningur 31.12.2010 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | | | |
| Fasteignir | 8 | 1.704.927 | 1.752.444 | 2.060.849 | 2.117.655 |
| Leigðar eignir | 8 | 686.737 | 709.967 | 686.737 | 709.967 |
| Veitu- og gatnakerfi | 8 | 146.039 | 155.148 | 374.589 | 368.251 |
| Hafnarmannvirki | 8 | 0 | 0 | 313.834 | 315.875 |
| Áhöld og tæki | 8 | 17.534 | 18.548 | 30.357 | 32.266 |
| Eignarhlutir í félögum | 9 | 145.943 | 146.917 | 146.689 | 147.663 |
| Langtímakröfur á eigin fyrirtæki | | 95.023 | 92.689 | 0 | 0 |
| Aðrar langtímakröfur | 10 | 24.573 | 28.440 | 24.573 | 28.440 |
| | | 2.820.776 | 2.904.153 | 3.637.628 | 3.720.117 |
| **Veltufjármunir** | | | | | |
| Vörubirgðir | | 1.008 | 1.019 | 1.008 | 1.019 |
| Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur | 11 | 147.594 | 140.919 | 159.325 | 149.358 |
| Næsta árs afborgun langtímakrafna | | 3.888 | 147.870 | 1.769 | 145.885 |
| Aðrar skammtímakröfur | 11 | 11.811 | 9.103 | 12.021 | 10.997 |
| Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki | | 89.885 | 73.317 | 0 | 0 |
| Handbært fé | 11 | 25.212 | 262 | 157.781 | 93.032 |
| | | 279.397 | 372.490 | 331.903 | 400.292 |
| **Eignir samtals** | | 3.100.173 | 3.276.644 | 3.969.531 | 4.120.408 |
| **Eigið fé og skuldir** | | | | | |
| **Eigið fé** | 12 | | | | |
| Eigið fé | | 1.111.327 | 1.146.069 | 1.649.925 | 1.652.340 |
| | | 1.111.327 | 1.146.069 | 1.649.925 | 1.652.340 |
| **Langtímaskuldir og skuldbindingar** | | | | | |
| Lífeyrisskuldbinding | 13 | 284.808 | 253.103 | 307.754 | 274.885 |
| Skuldabréfalán | 14 | 427.175 | 478.562 | 751.129 | 805.278 |
| Leiguskuld | 15 | 1.028.614 | 1.027.354 | 1.028.614 | 1.027.354 |
| | | 1.740.597 | 1.759.018 | 2.087.497 | 2.107.516 |
| **Skammtímaskuldir** | | | | | |
| Viðskiptaskuldir | 16 | 42.861 | 63.571 | 47.968 | 72.163 |
| Skuldir við lánastofnanir | | 0 | 105.433 | 0 | 105.433 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 16 | 92.066 | 87.103 | 112.860 | 108.866 |
| Skuldir við eigin fyrirtæki | | 47.506 | 47.023 | 0 | 0 |
| Aðrar skammtímaskuldir | 16 | 65.816 | 68.427 | 71.282 | 74.091 |
| | | 248.249 | 371.557 | 232.110 | 360.552 |
| **Skuldir samtals** | | 1.988.846 | 2.130.575 | 2.319.607 | 2.468.068 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 3.100.173 | 3.276.644 | 3.969.532 | 4.120.408 |

# Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2011

| | Skýr. | Sveitarsjóður | | Samantekinn ársreikningur | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | 2011 | 2010 | 2011 | 2010 |
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | | |
| *Veltufé frá rekstri:* | | | | | |
| Rekstrarniðurstaða ársins | | (34.742) | 15.896 | (2.415) | 53.955 |
| *Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:* | | | | | |
| Afskriftir | 8 | 80.294 | 85.752 | 117.905 | 123.011 |
| Verðbætur og gengismunur | | 33.762 | (93.095) | 56.857 | (80.967) |
| Söluhagnaður eigna | | (49) | 0 | (49) | 0 |
| Niðurfærsla langtímakrafna og áhættufjármuna | | 473 | 59.600 | 473 | 59.600 |
| Breyting á lífeyrisskuldbindingum | | 37.429 | 16.269 | 40.155 | 17.338 |
| | | 117.169 | 84.422 | 212.926 | 172.936 |
| *Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:* | | | | | |
| Vörubirgðir | | 11 | (26) | 11 | (26) |
| Aðrar rekstrartengdar eignir | | (9.382) | 19.887 | (10.990) | 22.067 |
| *Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:* | | | | | |
| Rekstrartengdar skuldir | | (23.321) | (25.739) | (27.004) | (21.150) |
| | | (32.692) | (5.877) | (37.983) | 892 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 84.476 | 78.545 | 174.943 | 173.828 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | | | |
| Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum | 8 | (6.120) | (22.690) | (47.306) | (25.483) |
| Seldir varanlegir rekstrarfjármunir | | 6.697 | 0 | 7.049 | 0 |
| Eignarhlutir í félögum, breyting | | 549 | (14.191) | 549 | (14.191) |
| Langtímakröfur, breyting | | 155.999 | 12.085 | 153.518 | 9.864 |
| | | 157.124 | (24.796) | 113.810 | (29.810) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | | |
| Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting | | (16.085) | 19.251 | 0 | 0 |
| Tekin ný langtímalán | | 850 | 0 | 6.027 | 0 |
| Afborganir langtímalána | | (90.258) | (91.738) | (117.312) | (121.440) |
| Afborganir lífeyrisskuldbindinga | | (5.724) | (5.489) | (7.286) | (6.986) |
| Skammtímalán, breyting | | (105.433) | 24.207 | (105.433) | 24.207 |
| | | (216.650) | (53.770) | (224.004) | (104.219) |
| **Hækkun (lækkun) á handbæru fé** | | 24.950 | (20) | 64.749 | 39.799 |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 262 | 282 | 93.032 | 53.233 |
| **Handbært fé í árslok** | | 25.212 | 262 | 157.781 | 93.032 |

# Skýringar

## 1. Starfsemi

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, lög um ársreikninga nr. 3/2006, lög um bókhald nr. 145/1994, reglugerð nr. 696/1996 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, reglugerð um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga nr. 944/2000 og auglýsingu um reikningsskil sveitarfélaga nr. 790/2001.

Starfsemi sveitarfélagsins er skipt í A og B hluta. Til A hluta telst sveitarsjóður, sem er Aðalsjóður sveitarfélagsins auk annarra sjóða og stofnana er sinna starfsemi sem að hluta eða öllu leyti eru fjármögnuð með skatttekjum, en auk Aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð og Þjónustumiðstöð Ölfuss.

Til B hluta teljast stofnanir sveitarfélagsins og fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins og eru reknar sem fjárhagslega sjálfstæðar einingar. Þau fyrirtæki og stofnanir sem falla undir B hluta eru: Vatnsveita Þorlákshafnar, Fráveita Ölfuss, Hafnarsjóður Þorlákshafnar, Félagslegar íbúðir Ölfuss, Íbúðir eldri borgara og Uppgræðslusjóður Ölfuss.

Ársreikningur Sveitarfélagsins Ölfuss fyrir árið 2011 hefur að geyma ársreikning sveitarsjóðs og samantekinn ársreikning.

Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Ölfuss fyrir árið 2011 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er í samræmi við lög og reglur og viðtekna reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð hans er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.

### Ársreikningur sveitarsjóðs

Ársreikningur sveitarsjóðs tekur til Aðalsjóðs, Eignasjóðs og Þjónustumiðstöðvar Ölfuss. Í ársreikningum eru öll veruleg innbyrðis viðskipti og viðskiptastöður á milli sjóða sem mynda sveitarsjóð færð út.

### Samantekinn ársreikningur

Samantekinn ársreikningur tekur til sveitarsjóðs og B hluta fyrirtækja þar sem eignarhlutur sveitarsjóðs er meiri en 50% í árslok. Í samantekna ársreikningnum eru ársreikningarnir lagðir saman, en viðskipti og viðskiptastöður milli sveitarsjóðs og fyrirtækja sem mynda samantekna ársreikninginn er jöfnuð út.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningskilaaðferðum sveitarfélagsins.

### Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili þegar þær eiga sér stað.

### Innlausn tekna

Til skatttekna flokkast útsvar, fasteignaskattur og framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga auk annarra tekna með skattígildi, svo sem lóðarleiga. Útsvar er tekjufært samkvæmt staðgreiðsluskilagreinum og endanlegri álagningu ársins á undan, en aðrar skatttekjur eru tekjufærðar við álagningu þeirra. Til lækkunar skatttekna eru færðar reiknaðar niðurfærslur til að mæta vanhöldum vegna vafasamra óinnheimtra skatttekna.

Álögð gatnagerðargjöld, heimæðargjöld og framlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til stofnframkvæmda eru færð til lækkunar stofnverði viðkomandi eigna.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru tekjufærðar þegar afhending vöru hefur farið fram og þjónusta verið innt af hendi.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Innlausn tekna (framhald)

Áfallnar vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við vaxtakjör viðkomandi eigna, en arðstekjur eru tekjufærðar þegar réttur til þeirra hefur skapast.

Hagnaður (tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna er færður á meðal rekstrartekna/-gjalda, en hagnaður (tap) af sölu eignarhluta í félögum meðal fjármunatekna/-gjalda eða annarra tekna/gjalda.

### Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur er færður í rekstrarreikning.

| | Meðalgengi ársins | | Árslokagengi | |
|---|---|---|---|---|
| | 2011 | 2010 | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| Evra (EUR)........................................................................... | 161,42 | 161,89 | 158,84 | 153,8 |

### Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili þegar hann fellur til.

### Niðurfærslur eigna

Skuldabréf, langtímakröfur, óinnheimtar skatttekjur og aðrar útistandandi skammtímakröfur hafa verið metnar með tilliti til tapsáhættu og niðurfærðar með óbeinni afskrift í ársreikningi. Ekki er hér um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Breyting á niðurfærslu sem þannig er ákveðin, að teknu tilliti til endanlegra tapaðra krafna á árinu, er færð í rekstrarreikning.

Eignarhlutir í félögum eru færðir niður í markaðsverð eða matsverð þar sem það er lægra en kostnaðarverð og niðurfærsla gjaldfærð í rekstrarreikningi.

### Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur þeim muni nýtast í rekstrinum og unnt er að meta kostnað vegna þeirra með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði, en það samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eignum í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Eignir með eignarréttarfyrirvörum samkvæmt samningum um fjármögnunarleigu eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma á sama hátt og eignir með fullum eignarrétti.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Sveitarfélagið innleiddi á síðastliðnu ári álit Reikningsskila- og upplýsinganefndar sveitarfélaga nr. 1/2010; *Færsla leigusamninga fasteigna og annarra mannvirkja í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga.* Sveitarfélag skal færa inn í efnahagsreikning sinn alla leigusamninga vegna fasteigna og mannvirkja. Bókfært verð þeirra skal ákvarðað út frá fjárhæð skuldbindingarinnar þegar samningarnir voru gerðir að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum frá þeim tíma. Skuldbindingar vegna leigusamningana skulu færðar til skuldar í efnahagsreikningi miðað við framreiknaðar eftirstöðvar þegar samningur var gerður. Einnig innleiddi sveitarfélagið álit 2/2010 frá sömu nefnd; *Færsla á lóðum og lendum í bókhaldi og reikningsskilum sveitarfélaga.* Sveitarfélagið færir til eigna meðal varanlegra rekstrarfjármuna lóðir og lendur sem það hefur leigutekjur af og eru metnar til gangverðs, en þó eigi hærra verði en sem nemur núvirði framtíðarleigutekna samkvæmt fyrirliggjandi leigusamningum. Lóðir og lendur eru endurmetnar með reglubundnum hætti. Allar matsbreytingar eru færðar á eiginfjárreikning.

## 2. Reikningsskilaaðferðir (framhald)

### Eignarhlutir í félögum
Eignarhlutir sveitarfélagsins í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði í ársreikningi sveitarfélagsins eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra og frá sama tíma er ekki færð hlutdeild í afkomu þeirra í reikningsskilum hans þar sem fyrst og fremst er verið að draga fram ráðstöfun skatttekna í ársreikning sveitarsjóðs.

### Birgðir
Birgðir rekstrarvara eru færðar á kostnaðarverði.

### Verðbréf
Skuldabréf og aðrar langtímakröfur sem áætlað er að eiga fram á gjalddaga eru metin á kostnaðarverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta hugsanlegu tapi í framtíðinni.

Markaðsverðbréf eru verðbréf sem skráð eru á virkum markaði og keypt í þeim tilgangi að hagnast á skammtímaverðbreytingum. Markaðsverðbréf eru færð á markaðsverði og færist matsbreyting í rekstrarreikning á því tímabili sem hún fellur til.

### Viðskiptakröfur
Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

### Langtímaskuldir
Langtímaskuldir eru færðar á nafnverði, að frádregnum greiddum afborgunum, og eru eftirstöðvar nafnverðs reiknaðar upp miðað við gildandi gengi eða vísitölu í lok tímabilsins, eftir því sem við á. Vaxtagjöld vegna langtímalána eru færð til gjalda á því tímabili sem þau tilheyra. Lántökukostnaður vegna nýrra lána er færður til gjalda á lántökuári.

### Leiguskuldir
Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra. Lágmarksleigugreiðslum er skipt í vaxtagjöld og afborganir á eftirstöðvum skulda. Vaxtagjöldunum er dreift á leigutímann miðað við virka vexti.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um, að undanskilinni skilyrtri leigu, sem og viðhaldi, þjónustukostnaði, tryggingum og sköttum sem leigusali greiðir.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala ef það er gerlegt að ákvarða hana, en ef ekki, er miðað við lánskjör sveitarfélagsins af nýju fjármagni á þeim tíma sem samningurinn var gerður.

### Viðskiptaskuldir
Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

### Skuldbindingar
Skuldbindingar eru færðar í efnahagsreikning ef líklegt þykir að sveitarfélagið verði fyrir útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð þeirra með áreiðanlegum hætti.

Skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins er færð meðal skuldbindinga í efnahagsreikningi á grundvelli tryggingafræðilegrar úttektar. Breyting á skuldbindingunni á árinu er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

# Skýringar

## 3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

| | Sveitarsjóður | | Samantekinn ársreikningur | |
|---|---|---|---|---|
| | 2011 | Fjárhags-áætlun 2011 | 2011 | Fjárhags-áætlun 2011 |
| **Skatttekjur án framlaga Jöfnunarsjóðs** | | | | |
| Útsvar | 644.839 | 611.500 | 644.839 | 611.500 |
| Fasteignaskattur | 209.969 | 226.200 | 206.170 | 226.200 |
| Lóðarleiga | 16.678 | 16.300 | 16.678 | 16.300 |
| | 871.485 | 854.000 | 867.687 | 854.000 |
| **Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga** | | | | |
| Þjónustuframlag | 71.602 | 60.000 | 71.602 | 60.000 |
| Framlag vegna fasteignagjalda | 42.750 | 53.500 | 42.750 | 53.500 |
| Almennt grunnskólaframlag | 48.519 | 45.000 | 48.519 | 45.000 |
| Framlag vegna nýbúa | 2.090 | 1.430 | 2.090 | 1.430 |
| Framlag vegna sérþarfa barna | 11.240 | 6.720 | 11.240 | 6.720 |
| Framlag vegna fatlaðra | 59.893 | 60.150 | 59.893 | 60.150 |
| Framlag vegna tónlistarmenntunar | 1.826 | 0 | 1.826 | 0 |
| | 237.919 | 226.800 | 237.919 | 226.800 |
| **Aðrar tekjur** | | | | |
| Þjónustutekjur | 93.148 | 92.425 | 257.398 | 237.865 |
| Eignatekjur | 19.785 | 18.355 | 37.682 | 38.125 |
| Aðrar tekjur | 31.879 | 26.245 | 39.322 | 32.545 |
| | 144.812 | 137.025 | 334.402 | 308.535 |
| **Rekstrartekjur samtals** | 1.254.217 | 1.217.825 | 1.440.009 | 1.389.335 |

**Álagningarhlutföll**

| | |
|---|---|
| Útsvar | 14,48% |
| Fasteignaskattur - A-liður | 0,40% |
| Fasteignaskattur - B-liður | 1,32% |
| Fasteignaskattur - C-liður | 1,50% |

# Skýringar

## 4. Laun og annar starfsmannakostnaður

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | Sveitarsjóður | | Samantekinn ársreikningur | |
|---|---|---|---|---|
| | | Fjárhagsáætlun | | Fjárhagsáætlun |
| | 2011 | 2011 | 2011 | 2011 |
| Laun | 478.438 | 443.810 | 505.047 | 471.170 |
| Launatengd gjöld | 118.943 | 109.535 | 125.520 | 116.520 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 597.381 | 553.345 | 630.567 | 587.690 |
| | | | | |
| Stöðugildi árið 2011 | 104 | | 108 | |
| Starfsmannafjöldi í árslok 2011 | 126 | | 130 | |

Laun bæjarstjórnar, bæjarráðs og bæjarstjóra námu um 20,6 milljónum króna.

## 5. Fjármunatekjur

| | Sveitarsjóður | | Samantekinn ársreikningur | |
|---|---|---|---|---|
| | | Fjárhagsáætlun | | Fjárhagsáætlun |
| | 2011 | 2011 | 2011 | 2011 |
| Vaxtatekjur af bankainnstæðum | 54 | 0 | 3.017 | 3.104 |
| Vaxtatekjur af skuldabréfaeign | 5.518 | 8.970 | (3.397) | 2.304 |
| Tekjur af hlutabréfaeign | 51 | 4.750 | 51 | 4.750 |
| Aðrar vaxtatekjur | 4.857 | 2.513 | 5.035 | 2.933 |
| | 10.480 | 16.233 | 4.707 | 13.091 |

## 6. Fjármagnsgjöld

| | Sveitarsjóður | | Samantekinn ársreikningur | |
|---|---|---|---|---|
| | | Fjárhagsáætlun | | Fjárhagsáætlun |
| | 2011 | 2011 | 2011 | 2011 |
| Vaxtagjöld af skammtímask. við lánastofnanir | 7.029 | 3.923 | 7.029 | 3.923 |
| Vaxtagjöld og verðbætur af langtímaskuldum | 108.220 | 109.112 | 136.321 | 127.718 |
| Önnur vaxtagjöld | 0 | 0 | 0 | 0 |
| | 115.250 | 113.035 | 143.350 | 131.641 |

# Skýringar

## 7. Rekstur málaflokka og fyrirtækja í samanburði við fjárhagsáætlun

| Rekstur málaflokka greinist þannig: | Gjöld | Tekjur | Mismunur | Fjárhags-áætlun | Hlutfall af tekjum |
|---|---|---|---|---|---|
| Skatttekjur | 0 | 1.129.356 | 1.129.356 | 1.080.800 | 90,0% |
| Félagsþjónusta | 168.122 | 21.631 | (146.491) | (123.145) | (11,7%) |
| Heilbrigðismál | 0 | 0 | 0 | 0 | 0,0% |
| Fræðslu- og uppeldismál | 576.591 | 34.270 | (542.321) | (517.995) | (43,2%) |
| Menningarmál | 54.183 | 3.586 | (50.597) | (50.995) | (4,0%) |
| Æskulýðs- og íþróttamál | 209.659 | 22.431 | (187.229) | (181.245) | (14,9%) |
| Brunamál og almannavarnir | 17.931 | 0 | (17.931) | (17.250) | (1,4%) |
| Hreinlætismál | 32.454 | 22.975 | (9.479) | (11.575) | (0,8%) |
| Skipulags- og byggingarmál | 22.568 | 9.082 | (13.486) | (14.310) | (1,1%) |
| Umferðar- og samgöngumál | 30.441 | 988 | (29.453) | (29.820) | (2,3%) |
| Umhverfismál | 7.785 | 276 | (7.509) | (8.970) | (0,6%) |
| Atvinnumál | 14.604 | 6.448 | (8.156) | (9.000) | (0,7%) |
| Framlög til B hluta stofnana | 5.000 | 0 | (5.000) | (5.000) | (0,4%) |
| Sameiginlegur kostnaður | 85.293 | 21.014 | (64.280) | (59.700) | (5,1%) |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga | 37.429 | 0 | (37.429) | (13.500) | (3,0%) |
| Óvenjulegir liðir | 473 | 0 | (473) | 0 | (0,0%) |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | 8.144 | 117.225 | 109.081 | 91.247 | 8,7% |
| Aðalsjóður samtals | 1.270.680 | 1.389.282 | 118.603 | 129.542 | |
| | | | | | |
| **A hluta stofnanir:** | | | | | |
| Eignasjóður | 348.631 | 222.584 | (126.047) | (103.254) | |
| Þjónustumiðstöð Ölfuss | 53.455 | 26.157 | (27.297) | (25.465) | |
| Jöfnunarfærslur | (373.327) | (373.327) | 0 | 0 | |
| Sveitarsjóður samtals | 1.299.438 | 1.264.697 | (34.742) | 823 | |
| | | | | | |
| **B hluta stofnanir:** | | | | | |
| Fráveita Ölfuss | 26.373 | 31.259 | 4.887 | 5.088 | |
| Vatnsveita Þorlákshafnar | 16.145 | 22.751 | 6.606 | 1.778 | |
| Hafnarsjóður Þorlákshafnar | 98.040 | 119.252 | 21.212 | 1.658 | |
| Félagslegar íbúðir Ölfuss | 12.740 | 7.101 | (5.639) | (1.807) | |
| Íbúðir eldri borgara | 22.082 | 14.842 | (7.240) | (3.416) | |
| Uppgræðslusjóður Ölfuss | 2.043 | 14.543 | 12.500 | 12.422 | |
| | 177.422 | 209.749 | 32.327 | 15.723 | |
| | | | | | |
| Jöfnunarfærslur | (29.730) | (29.730) | 0 | 0 | |
| | | | | | |
| Samantekinn ársreikningur | 1.447.131 | 1.444.715 | (2.415) | 16.545 | |

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

### Sveitarsjóður

| | Fasteignir og byggingarland | Leigðar eignir | Veitu- og gatnakerfi | Tæki og bifreiðar | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | | |
| Staða í ársbyrjun................. | 2.462.181 | 734.195 | 187.014 | 34.594 | 3.417.984 |
| Eignfært á árinu.................. | 4.420 | 0 | 0 | 1.700 | 6.120 |
| Selt og aflagt á árinu........... | 0 | (5.000) | (1.697) | (600) | (7.297) |
| Staða í árslok...................... | 2.466.601 | 729.195 | 185.317 | 35.694 | 3.416.807 |
| **Afskriftir** | | | | | 0 |
| Staða í ársbyrjun................. | 709.737 | 24.228 | 31.865 | 16.046 | 781.877 |
| Afskrift ársins ..................... | 51.938 | 18.230 | 7.413 | 2.714 | 80.294 |
| Selt og aflagt á árinu........... | 0 | 0 | 0 | (600) | (600) |
| Staða í árslok...................... | 761.675 | 42.458 | 39.278 | 18.160 | 861.571 |
| **Bókfært verð** | | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun...... | 1.752.444 | 709.967 | 155.148 | 18.548 | 2.636.107 |
| Bókfært verð í árslok........... | 1.704.927 | 686.737 | 146.039 | 17.534 | 2.555.236 |
| Afskriftarhlutföll................. | 1-6% | 1-6% | 10-30% | 20-35% | |

### Samantekinn ársreikningur

| | Fasteignir, lóðir og leigðar eignir | Veitu- og gatnakerfi | Hafnarmannvirki | Áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Kostnaðarverð** | | | | | |
| Staða í ársbyrjun................. | 3.648.590 | 861.903 | 462.908 | 59.306 | 5.032.707 |
| Eignfært á árinu.................. | 4.420 | 25.541 | 0 | 1.700 | 31.661 |
| Selt og aflagt á árinu........... | (5.000) | (2.049) | 15.645 | (600) | 7.996 |
| Staða í árslok | 3.648.010 | 885.395 | 478.553 | 60.406 | 5.072.364 |
| **Afskriftir** | | | | | |
| Staða í ársbyrjun................. | 820.968 | 493.652 | 147.033 | 27.040 | 1.488.693 |
| Afskrift ársins...................... | 79.457 | 17.154 | 17.686 | 3.609 | 117.906 |
| Selt og aflagt á árinu........... | 0 | 0 | 0 | (600) | (600) |
| Staða í árslok | 900.425 | 510.806 | 164.719 | 30.049 | 1.605.999 |
| **Bókfært verð** | | | | | |
| Bókfært verð í ársbyrjun...... | 2.827.622 | 368.251 | 315.875 | 32.266 | 3.544.014 |
| Bókfært verð í árslok........... | 2.747.585 | 374.589 | 313.834 | 30.357 | 3.466.365 |
| Afskriftarhlutföll................. | 1-6% | 1-6% | 10-30% | 20-35% | |

| **Sveitarsjóður** | Fasteignamat | Vátryggingamat | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Leikskólar og grunnskólar.................................................................. | 424.520 | 1.329.300 | 694.032 |
| Aðrar fasteignir.................................................................................. | 997.133 | 2.330.160 | 1.697.632 |
| | 1.421.653 | 3.659.460 | 2.391.664 |

## 8. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir (framhald)

| Samantekinn ársreikningur | Vátryggingamat | Bókfært verð |
|---|---|---|
| Fasteignir sveitarsjóðs, sjá að framan | 3.659.460 | 2.391.664 |
| Hafnarsjóður Þorlákshafnar | 4.954.208 | 62.177 |
| Félagslegar íbúðir Ölfuss | 207.776 | 72.281 |
| Íbúðir eldri borgara | 368.771 | 221.464 |
| | 9.190.215 | 2.747.585 |

## 9. Eignarhlutir í félögum

| Eignarhlutir í félögum: | Samantekinn ársreikningur 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Atvinnuþróunarsjóður Suðurlands | 12.104 | 12.104 |
| Brunavarnir Árnessýslu | 14.114 | 14.114 |
| Eignarhaldsfélag Suðurlands hf | 11.450 | 11.450 |
| Eignarhaldsfélagið Fasteign hf | 78.000 | 78.000 |
| Háskólafélag Suðurlands ehf | 7.446 | 7.446 |
| Lánasjóður sveitarfélaga ohf | 76.452 | 76.452 |
| Aðrir eignarhlutir | 1.322 | 7.696 |
| Niðurfærsla eignarhluta | (54.200) | (59.600) |
| Bókfært verð í lok árs | 146.689 | 147.663 |

## 10. Skuldabréfaeign og aðrar langtímakröfur

| | Samantekinn ársreikningur 2011 | 2010 |
|---|---|---|
| Staða í ársbyrjun | 244.326 | 230.936 |
| Viðbót | 98 | 19.955 |
| Innborganir á árinu | (223.616) | (10.663) |
| Verðbreytingar | 5.535 | 4.097 |
| Niðurfærsla skuldabréfaeignar | 0 | (70.000) |
| Staða í árslok | 26.342 | 174.326 |
| Næsta árs afborgun | (1.769) | (145.885) |
| | 24.573 | 28.440 |

## 11. Aðrar peningalegar eignir

| Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur | Sveitarsjóður | | Samantekinn ársreikningur | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2011 | 31.12.2010 | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| Útsvar og aðstöðugjöld | 130.518 | 141.583 | 144.354 | 151.018 |
| Fasteignagjöld | 17.627 | 22.816 | 17.627 | 22.816 |
| Aðrar tekjur | 39.634 | 32.639 | 42.167 | 35.399 |
| Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast | (40.184) | (56.120) | (44.823) | (59.874) |
| | 147.594 | 140.919 | 159.325 | 149.358 |

Breytingar á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

| | Sveitarsjóður | | Samantekinn ársreikningur | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2011 | 31.12.2010 | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| Staða í ársbyrjun | 56.120 | 57.474 | 59.874 | 60.018 |
| Breyting niðurfærslu á árinu | 823 | (29) | 1.764 | 1.182 |
| Tapaðar viðskiptakröfur á árinu | (16.759) | (1.325) | (16.816) | (1.325) |
| Staða í árslok | 40.184 | 56.120 | 44.823 | 59.874 |

Niðurfærsla hefur verið reiknuð vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára.

## 11. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

### Aðrar skammtímakröfur

| | Sveitarsjóður | | Samantekinn ársreikningur | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2011 | 31.12.2010 | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| Virðisaukaskattur | 4.105 | 1.969 | 4.105 | 3.519 |
| Ógreiddir óinnheimtir vextir | 1.324 | 1.363 | 1.535 | 1.363 |
| Aðrar kröfur | 6.381 | 5.771 | 6.381 | 6.116 |
| | 11.811 | 9.103 | 12.021 | 10.997 |

### Handbært fé

Handbært fé félagsins samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

| | Sveitarsjóður | | Samantekinn ársreikningur | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2011 | 31.12.2010 | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| Óbundnar bankainnst. í ísl. krónum | 25.212 | 262 | 157.781 | 93.032 |
| | 25.212 | 262 | 157.781 | 93.032 |

## 12. Eigið fé

Yfirlit yfir eiginfjárreikninga:

| | Sveitarsjóður | Samantekinn árs. |
|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2011 | 1.146.069 | 1.652.340 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | (34.742) | (2.415) |
| Eigið fé 31.12.2011 | 1.111.327 | 1.649.925 |

## 13. Lífeyrisskuldbinding

Á bæjarsjóði hvílir lífeyrisskuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins en um er að ræða réttindatengd lífeyriskerfi með bankaábyrgð launagreiðanda. Áfallin skuldbinding skv. útreikningi tryggingastærðfræðinga miðað við 2% ávöxtun umfram launahækkanir er áætlað alls um 285 milljónir króna í árslok 2011 og hefur þá hækkað um 31,7 milljónir króna frá sama tíma árið áður. Gjaldfærsla skuldbindingarinnar á árinu nemur um 37,4 milljónum króna.

Á Hafnarsjóði hvílir skuldbinding vegna lífeyrisréttinda starfsmanna sveitarfélagsins hjá B-deild Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Skuldbindingin nemur um 22,9 milljónum króna samkvæmt mati tryggingastærðfræðings og miðast útreikningurinn við 2% ávöxtun umfram launahækkanir. Hækkun skuldbindingarinnar á árinu 2011 nam um 1,2 milljónum króna en gjaldfærð skuldbinding Hafnarsjóðs nemur um 2,7 milljónum króna.

| | Árið 2011 | | Árið 2010 | |
|---|---|---|---|---|
| | Sveitarsjóður | Samantekinn árs. | Sveitarsjóður | Samantekinn árs. |
| Lífeyrisskuldbindingar frá fyrra ári | 253.103 | 274.885 | 242.322 | 264.533 |
| Hækkun ársins | 37.429 | 40.155 | 16.269 | 17.338 |
| Afborganir ársins | (5.724) | (7.286) | (5.489) | (6.986) |
| Lífeyrisskuldbindingar í árslok | 284.808 | 307.754 | 253.103 | 274.885 |

## 14. Langtímaskuldir

### Skuldir við lánastofnanir

| | Sveitarsjóður | | Samantekinn ársreikningur | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2011 | 31.12.2010 | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| Skuldir í ISK | 502.838 | 550.481 | 847.586 | 898.960 |
| | 502.838 | 550.481 | 847.586 | 898.960 |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | (75.663) | (71.919) | (96.457) | (93.682) |
| Langtímaskuldir í árslok | 427.175 | 478.562 | 751.129 | 805.278 |

Langtímaskuldir í árslok 2011 greinast þannig:

| | Sveitarsjóður | Samant. árs. |
|---|---|---|
| Næsta árs afborganir | 75.663 | 96.457 |
| Afborganir 2013 | 72.743 | 91.124 |
| Afborganir 2014 | 66.398 | 84.779 |
| Afborganir 2015 | 65.534 | 83.915 |
| Afborganir 2016 | 65.273 | 83.654 |
| Afborganir síðar | 157.227 | 407.657 |
| | 502.838 | 847.586 |

## 15. Leiguskuld

Sveitarfélagið hefur gert einn leigusamning um fasteign sem færður er til skuldar í efnahagsreikningi. Leigusamningurinn er tengdur vísitölu og gengi evru. Leigusamningurinn greinist þannig:

| **Langtímahluti leiguskuldar:** | Sveitarsjóður 2011 | Samant. árs. 2011 |
|---|---|---|
| Staða samnings | 1.045.017 | 1.045.017 |
| Næsta árs afborgun leiguskulda | (16.403) | (16.403) |
| | 1.028.614 | 1.028.614 |

### Aðrar upplýsingar um leigusamninginn:

| | | | Bókfært verð (núvirði) lágmarksleigugreiðslna | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | Leigutími | Afvöxtunar-stuðull | EUR | ISK | Samtals |
| Sundlaug og heilsutengd starfsemi | 2008-2038 | 6,03% | 627.691 | 417.326 | 1.045.017 |

Ónúvirtar lágmarksleigugreiðslur samnings:

| | 2012 | 2013 | 2014 | Síðar | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| Sundlaug og heilsutengd starfsemi | 78.999 | 78.999 | 78.999 | 1.863.051 | 2.100.048 |

Heildargreiðslur vegna leigusamnings námu 78 milljónum kr. á árinu 2011.

| | Sveitarsjóður 2011 | Samant. árs. 2011 |
|---|---|---|
| Afborgun til lækkunar á leiguskuld | 15.432 | 15.432 |
| Vaxtagjöld | 53.465 | 53.465 |
| Lágmarksleigugreiðsla | 68.897 | 68.897 |
| Rekstrarkostnaður | 9.194 | 9.194 |
| | 78.091 | 78.091 |

Á árinu 2011 gerði sveitarfélagið samkomulag við Eignarhaldsfélagið Fasteign hf. (EFF) um lækkun leigugrunns og breytingar á viðmiðunargengi vegna ágreinings aðila um uppgjör verksamnings og skil eigna. Leiguskuldbindingu hefur verið breytt í samræmi við samkomulagið. Í desember 2011 var sveitarfélaginu veittur greiðslufrestur vegna leigugreiðslna frá 1. júlí 2011 til 31. desember 2011 samtals tæpar 18 milljónir króna. Stjórn EFF samþykkti í maí 2012 að fyrrnefndur greiðslufrestur skyldi gilda sem leigulækkun á árinu 2011 með fyrirvara um samþykki sveitarfélagsins um þátttöku í endurskipulagningu EFF. Tekið hefur verið tillit til lækkunarinnar í ársreikningi sveitarfélagsins vegna ársins 2011.

# Skýringar

## 16. Aðrar peningalegar skuldir

| Viðskiptaskuldir | Sveitarsjóður | | Samantekinn ársreikningur | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2011 | 31.12.2010 | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| Innlendar viðskiptaskuldir | 42.861 | 63.571 | 47.968 | 72.163 |
| | 42.861 | 63.571 | 47.968 | 72.163 |

| Næsta árs afborganir langtímaskulda | Sveitarsjóður | | Samantekinn ársreikningur | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2011 | 31.12.2010 | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| Skuldir við lánastofnanir | 75.663 | 71.919 | 96.457 | 93.682 |
| Leiguskuld | 16.403 | 15.184 | 16.403 | 15.184 |
| | 92.066 | 87.103 | 112.860 | 108.866 |

| Aðrar skammtímaskuldir | Sveitarsjóður | | Samantekinn ársreikningur | |
|---|---|---|---|---|
| | 31.12.2011 | 31.12.2010 | 31.12.2011 | 31.12.2010 |
| Virðisaukaskattur | 0 | 0 | 3.132 | 0 |
| Fyrirframinnheimtar tekjur | 0 | 0 | 0 | 3.460 |
| Ógreidd opinber gjöld | 14.469 | 13.565 | 14.469 | 13.565 |
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 44.497 | 47.955 | 45.290 | 48.772 |
| Ógreiddir áfallnir vextir | 6.007 | 6.255 | 7.320 | 7.338 |
| Aðrar skuldir | 843 | 652 | 1.070 | 956 |
| | 65.816 | 68.427 | 71.282 | 74.091 |

## 17. Ábyrgðir og önnur mál

Engar ábyrgðir hvíla á sveitarfélaginu umfram það sem kemur fram í ársreikningnum.

## 18. Samþykki ársreiknings

Ársreikningur var samþykktur á fundi bæjarstjórnar þann 23. maí 2012

## 19. Kennitölur

| Í hlutfalli við rekstrartekjur: | Sveitarsjóður 2011 | Sveitarsjóður Fjárhags-áætlun 2011 | Samantekinn ársreikningur 2011 | Samantekinn ársreikningur Fjárhags-áætlun 2011 |
|---|---|---|---|---|
| Skatttekjur | 69,48% | 70,13% | 60,26% | 61,47% |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | 18,97% | 18,62% | 16,52% | 16,32% |
| Skatttekjur samtals | 88,45% | 88,75% | 76,78% | 77,79% |
| Aðrar tekjur | 11,55% | 11,25% | 23,22% | 22,21% |
| | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% |
| Laun og launatengd gjöld | (47,63%) | (45,44%) | (43,79%) | (42,30%) |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga | (2,98%) | (1,11%) | (2,79%) | (1,08%) |
| Annar rekstrarkostnaður án afskrifta | (37,24%) | (38,32%) | (35,64%) | (37,84%) |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir | 12,14% | 15,14% | 17,79% | 18,78% |
| Afskriftir | (6,40%) | (7,12%) | (8,19%) | (9,05%) |
| Fjármagnsliðir, nettó | (8,47%) | (7,95%) | (9,73%) | (8,53%) |
| Rekstrarniðurstaða | (2,73%) | 0,07% | (0,13%) | 1,19% |
| Handbært fé frá rekstri | 6,74% | | 12,15% | |
| Fjárfestingahreyfingar | 12,53% | | 7,90% | |

### Í þúsundum króna á íbúa:

| Rekstur: | Sveitarsjóður 2011 | Sveitarsjóður Fjárhags-áætlun 2011 | Samantekinn ársreikningur 2011 | Samantekinn ársreikningur Fjárhags-áætlun 2011 |
|---|---|---|---|---|
| Skatttekjur og Jöfnunarsjóður | 577 | 562 | 575 | 562 |
| Aðrar tekjur | 75 | 71 | 174 | 161 |
| Rekstrartekjur samtals | 653 | 634 | 749 | 723 |
| Rekstrargjöld og fjármagnsliðir | 560 | 532 | 604 | 591 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | 1.212 | 1.166 | 1.353 | 1.314 |

### Í þúsundum króna á íbúa:

| Efnahagur: | Sveitarsjóður 2011 | Sveitarsjóður 2010 | Samantekinn ársreikningur 2011 | Samantekinn ársreikningur 2010 |
|---|---|---|---|---|
| Eignir | 1.613 | 1.716.419 | 2.065 | 2.158.412 |
| Eigið fé | 578 | 600.350 | 858 | 865.553 |
| Lífeyrisskuldbindingar | 148 | 133 | 160 | 143.994 |
| Skuldir án skuldbindinga | 887 | 983.485 | 1.047 | 1.148.865 |

### Fimm ára yfirlit sveitarsjóðs:

| Íbúafjöldi: | Árið 2011 | Árið 2010 | Árið 2009 | Árið 2008 | Árið 2007 |
|---|---|---|---|---|---|
| Í ársbyrjun | 1.909 | 1.945 | 2.002 | 1.930 | 1.854 |
| Breyting á árinu | 13 | (36) | (57) | 72 | 76 |
| Í árslok | 1.922 | 1.909 | 1.945 | 2.002 | 1.930 |

## 19. Kennitölur (framhald)

Yfirlit um lykiltölur A hluta síðustu fimm ára á verðlagi hvers árs:

| **Í hlutfalli við rekstrartekjur:** | Árið 2011 | Árið 2010 | Árið 2009 | Árið 2008 | Árið 2007 |
|---|---|---|---|---|---|
| Útsvar | 51,41% | 53,07% | 51,45% | 52,20% | 54,31% |
| Fasteignaskattar | 18,07% | 18,52% | 16,07% | 14,08% | 11,39% |
| Framlög Jöfnunarsjóðs | 18,97% | 15,44% | 15,09% | 18,90% | 20,03% |
| Eignatekjur | 1,58% | 1,57% | 1,19% | 1,20% | 1,20% |
| Skatttekjur samtals | 90,03% | 88,59% | 83,81% | 86,38% | 86,93% |
| Aðrar tekjur | 9,97% | 11,41% | 16,19% | 13,62% | 13,08% |
| | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,00% | 100,01% |
| Laun og launatengd gjöld | 47,63% | 47,57% | 43,99% | 40,82% | 41,09% |
| Breyting lífeyrisskuldbindinga | 2,98% | 1,49% | 0,89% | 3,10% | 3,24% |
| Annar rekstrarkostnaður | 37,24% | 38,86% | 47,57% | 46,68% | 39,82% |
| Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir | 12,14% | 12,09% | 7,55% | 9,40% | 15,84% |
| Afskriftir | 6,40% | 7,85% | 5,32% | 5,04% | 5,42% |
| Rekstrarniðurstaða fyrir fjárm.liði | 5,74% | 4,23% | 2,22% | 4,36% | 10,42% |
| Fjármagnsliðir, nettó | (8,47%) | (2,77%) | (10,99%) | 10,62% | 8,69% |
| Rekstrarniðurstaða | (2,73%) | 1,46% | (8,77%) | 14,98% | 19,12% |

| **Í þúsundum króna á íbúa:** | Árið 2011 | Árið 2010 | Árið 2009 | Árið 2008 | Árið 2007 |
|---|---|---|---|---|---|
| **Rekstur:** | | | | | |
| Skatttekjur og Jöfnunarsjóður | 577 | 498 | 497 | 461 | 417 |
| Aðrar tekjur | 75 | 74 | 96 | 73 | 63 |
| | 653 | 572 | 593 | 534 | 480 |
| Laun og launatengd gjöld | 311 | 272 | 266 | 235 | 212 |
| Annar rekstrarkostnaður | 243 | 222 | 282 | 249 | 191 |
| Rekstrarniðurstaða fyrir fjárm.liði | 37 | 24 | 13 | 23 | 102 |
| Fjármagnsliðir, nettó | (55) | (16) | (65) | 57 | 62 |
| Rekstrarniðurstaða | (18) | 8 | (52) | 80 | 164 |
| **Efnahagur:** | | | | | |
| Eignir | 1.613 | 1.716 | 1.618 | 1.198 | 1.133 |
| Eigið fé | 578 | 600 | 449 | 697 | 716 |
| Lífeyrisskuldbindingar | 148 | 133 | 125 | 119 | 108 |
| Skuldir án skuldbindinga | 887 | 983 | 1.045 | 382 | 309 |
| **Sjóðstreymi:** | | | | | |
| Handbært fé frá (til) rekstrar | 44 | 41 | 6 | 182 | 136 |
| **Aðrar lykiltölur:** | | | | | |
| Veltufjárhlutfall | 1,13 | 1,00 | 0,77 | 0,95 | 2,21 |
| Eiginfjárhlutfall | 35,85% | 34,98% | 27,75% | 58,20% | 63,20% |